

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Smiðjuvegur 7. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 24. maí 2022 breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar við Smiðjuveg 7.

Í breytingunni felst að fallið er frá viðbyggingu með bílakjallara til vesturs við núverandi byggingu. Þessi í stað er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir viðbyggingu á einni hæð norðan núverandi byggingar á lóðinni, alls 482 m² að flatarmáli.

Heildarbyggingarmagn breytist úr 4.672 m² í 3.044 m² og nýtingarhlutfall úr 0,49 í 0,44. Bílastæðum fjölga úr 69 í 81.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 10. ágúst 2022.

Auður Dagný Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 24. ágúst 2022